



Borgarráð

Reykjavík, 11. nóvember 2024
USK24110096

Hólabrekkuskóli. Áfangi 4. Viðgerðir og endurbætur.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna viðgerða og endurbóta í áfanga 4 í Hólabrekkuskóla. Áætlað er að framkvæmdum verði lokið á vormánuðum árið 2026. Heildarkostnaðaráætlun er 410 m.kr.

Greinargerð:

Áfanga 4 í Hólabrekkuskóla hefur verið lokað frá vorinu 2023. Frá þeim tíma hefur verið unnið við greiningar- og undirbúningsvinnu. Auk viðgerða á húsnæðinu verða einnig gerðar á því breytingar til að mæta nútímakröfum um skólastarf. Verkefnið er hluti af endurbóta- og viðhaldsátaki í leik- og grunnskólum Reykjavíkur.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

- Kynning
- <https://reykjavik.is/framkvaemdir/holabrekkuskoli-endurgerd>



Reykjavík



Hólabrekkuskóli

Áfangi 4

Viðgerðir og endurbætur


UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ






Lýsing á framkvæmd

- Áfangi 4 er tvær hæðir og er byggður árið 2001.
- Frumhönnun og þarfagreining leiddi í ljós að fara þurfti í frekari breytingar á húsinu að innan en reiknað var með í upphafi verks. Að auki kom í ljós að endurbætur glugga, þaks og útveggja verða umfangsmeiri en upprunalegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Að þeim sökum hefur verkefnið dregist en nú er reiknað með að framkvæmdum ljúki á vormánuðum 2026.
- Verkið felst í niðurrifi innanhúss og viðhaldi og endurbótum að innan og utan. Allt gluggakerfi verður endurnýjað og húsið klætt að utan.
- Innivist, skipulag, brunavarnir og aðgengismál uppfærð í samræmi við nútímakröfur til skólabygginga. Verkefnið verður Svansvottað.







Yfirlitsmyndir



Norður
máv. 1 : 100




Suð-Vestur
máv. 1 : 100



Austur
máv. 1 : 100



Yfirlitsmyndir





Kostnaður og verktími

- Áætlaður heildarkostnaður verkefnisins er 410 m.kr.
- Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í mars 2025 og að þeim verði lokið í mars 2026.





Reykjavík

